

Fréttatilkynning**IKEA innkallar GODIS PÅSKKYCKLING
sælgæti**

IKEA innkallar GODIS PÅSKKYCKLING sælgæti í 100g. Matvælaöryggi er ávallt í fyrirrúmi hjá IKEA og við viljum vekja athygli viðskiptavina á að GODIS PÅSKKYCKLING sælgæti með best fyrir dagsetningar frá 23. október 2018 til 26. janúar 2019 er hér með innkallað. Dagsetningin er prentuð aftan á pokann.

IKEA komst að því að meðan á framleiðslu sælgætisins stóð komust mýs inn í húsnæði verksmiðjunnar og því gætu vörur hafa mengast. IKEA hvetur viðskiptavini til að skila GODIS PÅSKKYCKLING með best fyrir dagsetningar frá 23. október til 26. janúar 2019 og fá að fullu endurgreitt. Kvittun er ekki skilyrði fyrir endurgreiðslu.

Matvælaöryggi og vörugæði eru IKEA gríðarlega mikilvæg og við teljum þessa innköllun vera nauðsynlegt skref til að standast þær kröfur sem við gerum til okkar. IKEA biðst velvirðingar á hvers kyns óþægindum sem þetta kann að valda.

Nánari upplýsingar má fá á IKEA.is eða í þjónustuveri í síma 520 2500.